Íþróttapósturinn er gefin út af Forystu ehf.

View in browser

ÍÞRÓTTAPÓSTURINN

Vika 27, 2024



Landsmót hestamanna 2024 hófst á þriðjudaginn

Fyrsti bikar mótsins fór á loft í Gæðingaskeiði þegar Hinrik Bragason og Trú frá Árbakka sigruðu með 8,75 í einkunn.

Gæðingaskeiðið er ein af þeim greinum sem bættust við Landsmótið eftir að

íþróttagreinunum var bætt við. Þar sem greinin er aukagrein á mótinu er ekki krýndur Landsmótsmeistari.

Mynd: Freydís Bergsdóttir



U20 drengja í körfubolta NORÐURLANDAMEISTARAR!

Sögulegur sigur í Svíþjóð hjá U20 karla landsliði Íslands. Ísland varð í dag í fyrsta skipti í sögunni Norðurlandameistari undir 20 ára karla eftir sigur gegn Finnlandi í úrslitaleik í Södertalje í Svíþjóð, 85-79.

Atkvæðamestur fyrir Ísland í leiknum var Almar Orri Atlason með 40 stig og 6 fráköst. Næstur var Leó Curtis með 14 stig og 6 fráköst.

Bæði lið komu taplaus inn lokaleikinn og ljóst að það lið sem bæri sigur úr býtum myndi standa uppi sem Norðurlandameistari árið 2024.

Lið Íslands vann alla sína leiki á mótinu.

Vefur KKI



Íslandsmót í Götuhjólreiðum 2024

Íslandsmót í Götuhjólreiðum (RR) fór fram um nýliðna helgi í Skagafirð. Keppnin hófst í Sauðárkróki og endaði svo uppi á Skíðasvæði Tindastóls. Mótið var haldið í samstarfi Breiðabliks, Hjólreiðafélagi Drangeyjar og Akureyrardætrum.

Sigurvegarar í Elíte flokkum voru þau Hafdís Sigurðardóttir og Kristinn Jónsson. Var þetta þriðji titill Hafdísar í röð en sá fyrsti hjá Kristni en hann var í öðru sæti í fyrra.

Í öðru sæti í flokki kvenna var Silja Jóhannesdóttir og í þriðja Ágústa Edda Björnsdóttir. Í karla flokki var Hafsteinn Ægir Geirsson í öðru sæti og í því þriðja var Davíð Jónsson.

Nánari upplýsingar og úrslit á vef HRÍ



Ísland með á HM í pílukasti

Pétur Rúðrik Guðmundsson og Arngrímur Anton Ólafsson voru fulltrúar Íslands á HM í pílukasti þar sem leikið var í þýsku borginni Frankfurt.

Óhætt er að segja að þeir félagar hafi byrjað með látum en þeir unni Barein 4-0 í fyrstu viðureign.

Ólympíuhópur ísland

Þeir sem eru þegar með trygg sæti




PARIS
2024
QUALIFIER
ISL
QUALIFIED
EDDA HANNESDOTTIR
ICELAND


CZE
BERETTA





Ísland U20 í handbolta varð í sjöunda sæti á HM kvenna

Stelpurnar í U20-kvenna í handbolta sigruðu í lokaleik sínum gegn Sviss á HM í Skopje, 29-26. Ísland endar því mótið í sjöunda sæti sem er besti árangur íslensks kvennalandsliðs frá upphafi!

Liðið hefur vaxið svo um munar með hverju verkefninu undanfarin ár en stelpurnar voru í dag að ljúka þátttöku sinni á þriðja A-mótinu í röð

Nánar á vef HSÍ



Kjósarsprettur POC x Peloton

Hjólreiðafélag Reykjavíkur og POC x Peloton heldur tímatökuþraut í Kjósinni, 1 hring í kring um Meðalfell. Hjólað verður réttsælis, ræst frá Kaffi Kjós.

Keppt verður í öllum flokkum kvenna og karla A og B og einnig yngri flokkum niður í U11.

Elite/U23, handhjólarar, B flokkur, C flokkur, Junior og U17 kk og kvk fara 1 hring, 23 km. Yngri flokkar fara styttri vegalengd með snúningspunkti.

Nánari upplýsingar á vef HRÍ



Frábær áragngur hjá Hildi og Thelmu

Landsliðskonurnar Hildur Maja Guðmundsdóttir og Thelma Aðalsteinsdóttir héldu áfram að slá í gegn á Heimsbikarmótaröðinni, nú í Koper í Slóveníu.

Thelma keppti á öllum áhöldum í undanúrslitum en Hildur Maja sleppti tvíslánni. Hildur Maja gerði sér lítið fyrir og komst í úrslit á slá og gólfi. Thelma flaug inn í úrslitin á stökkinu með tvö mjög góð stökk, en þetta er í annað sinn sem Thelma kemst í úrslit á stökki á Heimsbikarmóti.

Nánar á vef Fimleikasambandsins



Íslandsmóti eldri kylfinga lokið

Íslandsmót eldri kylfinga lauk síðastliðin mánudag á Leirdalsvelli hjá Golfklúbbi Kópavogs – og Garðabæjar.

Keppendur voru alls 122 og voru leiknar 54 holur á þremur keppnisdögum. Í kvennaflokki voru 46 keppendur og 76 í karlaflokki.

Keppt var í tveimur aldursflokkum hjá báðum kynjum, 50 ára og eldri, og 65 ára og eldri.

Ragnheiður Sigurðardóttir, GKG, sigraði í +50 ára floki kvenna eftir mikla keppni við Þórdísi Geirsdóttur, GK. Þetta er í fyrsta sinn sem Ragnheiður fagnar þessum titli og rauf hún 9 ára sigurgöngu Þórdísar í þessum flokki.

Það var einnig mikil spenna í karlaflokki +50 ára. Þar sigraði Hjalti Pálmason, GM, með minnsta mun en þetta er fyrsti sigur hans í þessum flokki. Jón Karlsson, GR sem hafði titil að verja var einu höggi á fetir og sexfaldur Íslandsmeistari í golfi, Úlfar Jónsson, GKG, varð þriðji.

Guðrún Garðars, GR sigraði í kvennaflokki +65 ára í spennandi keppni en Elísabet Böðvarsdóttir, GKG, var höggi á eftir Guðrúnu.

Hannes Eyvindsson; GR, sigraði í karlaflokki +65 ára en hann var tveimru höggum betri en Sæmundur Pálsson úr GR. Hannes varð þrívegis Íslandsmeistari í golfi á árunum 1978-1980.

Myndir og úrslit á vef GSÍ



Íslandsmet í 150m skeiði staðfest

Stjórn Landssambands hestamannafélaga hefur samþykkt Íslandsmet Konráðs Vals Sveinssonar og Kjarks frá Árbæjarhjáleigu II í 150m. skeiði á tímanum **13,62 sek** . Hlaupið fór fram á Reykjavíkurmóti þann 12. júní sl.

Meiri hluti keppninefndar hafði áður fjallað um málið og mælt með að stjórn LH staðfesti metið.

Aðstæður þegar hlaupið fór fram teljast uppfylla kröfur sem gerðar eru í reglum LH og FEIF til að met geti talist gilt.

Nánar á vef LH



Íris Þórsdóttir á leið á Ólympíuleika í París

Íris Þórsdóttir, tannlæknir, sem búsett er ásamt manni sínum og þremur börnum í Bordeaux í Frakklandi, er á leið á Ólympíuleikana í París. Hennar hlutverk verður þó öðruvísi en annarra í íslenska hópnum því Íris sótti um að vera sjálfboðaliði og var valin úr stórum hópi umsækjenda til að hjálpa til við leikana. Um 45.000 sjálfboðaliða þarf til að vinna við ýmis störf á Ólympíuleikunum en margar hendur þarf til þess að tryggja að allt gangi sem eðlilegast fyrir sig á svo stórum viðburði. Ólympíuleikarnir eru stærsti íþróttaviðburður heims og munu þeir trekkja að þúsundir áhorfenda víðs vegar að úr heiminum.

Það hefur verið gamall draumur hjá Írisi að fara á Ólympíuleikana en hún æfði lengi frjálsíþróttir og fylgist í dag vel með öllum íþróttum. Hún er því í skýjunum yfir því að hafa verið valin og fá að upplifa Ólympíuleikana af eigin raun. Íris talar góða frönsku og verður hennar hlutverk m.a. að túlka og þýða fyrir íslenska hópinn, aðstoða starfsmenn ÍSÍ og aðra í kringum íslenska liðið, vera tengiliður við franska Ólympíusambandið og aðra aðila í París fyrir hönd hópsins og reyna að gera upplifun íþróttamannanna sem allra besta. Hennar starfsstöð verður í Ólympíuþorpinu.



María Rún Þorsteinsdóttir ráðin til Lyftingasambandsins

María Rún Þorsteinsdóttir hefur verið ráðin framkvæmdastjóri Lyftingasambands Íslands, en hún var valin úr hópi 18 umsækjenda um starfið.

María Rún er með BA í stjórnmálafræði og viðbótardiplómu í opinberri stjórnsýslu, auk þess að vera með kennsluréttindi og menntaður styrktarþjálfari.

María Rún átti og rak CrossFit Hengil í Hveragerði í 11 ár eða til ársins 2023

og starfaði þar sem framkvæmdastjóri og þjálfari, meðal annars í ólympískum lyftingum.

Nánar um ráðninguna á vef LSÍ



Ruslan Sadikov næsti landsliðsþjálfari í Kumite

Stjórn Karatesambandsins hefur samþykkt tillögu Landsliðsnefndar um að ráða Ruslan Sadikov frá Lettlandi sem næsta landsliðsþjálfara Íslands í kumite.

Hann tekur við starfinu í ágúst næstkomandi. Hann mun koma og halda æfingabúðir 16.-18. ágúst og velja þar í nýjan landsliðshóp í kumite.

Nánar á vef Karatesambandsins



Landsliðsmenn í boxi á Haringey Box Cup

Landsliðmennirnir Elmar Gauti Halldórsson og Emin Kadri Eminsson kepptu um helgina á Haringey Box Cup í Alexandra Palace í London. Mótið er með þeim

stærstu í Evrópu, keppt er í fimm hringjum og er kostað af DAZN.

Í útdrátti voru bæði Elmar og Emin dregnir beint í undanúrslit.

Elmar keppti fyrst á móti bretanum Henry Murray frá Wolerhampton og sigraði Elmar þá viðureign 3-2 og var því kominn áfram í úrslit.

Nánar á vef Hnefaleikasambandsins



Tvö Íslandsmet sett á MÍ og FH – ingar

Íslandsmeistarar félagsliða

Erna Sóley og Irma með Íslandsmet

Irma Gunnarsdóttir (FH) bætti eigið Íslandsmet í þrístökki um 21 cm. er hún stökk 13,61 m. Þrjú af sex stökkum hennar voru yfir gamla Íslandsmetinu.

Erna Sóley Gunnarsdóttir (ÍR) sigraði í kúluvarpi kvenna á nýju Íslandsmeti utanhúss. Hún kastaði 17,91 m. Gamla Íslandsmetið hennar var 17,39 m. og er þetta því um hálfs meters bæting.

Það var lið FH sem sigraði í heildarstigakeppninni með 82 stig. Í öðru sæti var lið ÍR með 58,5 stig og lið Breiðabliks var í því þriðja með 27 stig. FH sigraði einnig í kvenna og karla keppninni.

Nánar á vef FRÍ



Forysta ehf

Bildshofda 14,
110 Reykjavík,
Iceland

Þú færð þennan póst vegna þess að þú hefur skráð þig á póstlistann okkar, þú hefur verið á eldri netfangalista eða mögulega ert þú flokkaður sem forráðamaður í Íþróttahreyfingunni.
Þú smellir á hlekkinn hér að neðan ef þú villt afskrá þig.

Afskrá mig

SENT BY mailerlite